



Hjóla- og göngustígar í dreifbýli á Suðurlandi. Valdimar Jónsson. Mannvit hf. – maí 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Verkefnið gengur út á að yfirfara og greina mögulegar hjólaleiðir/gönguleiðir á Suðurlandi. Mögulegar hjólaleiðir yrðu sem mest utan þjóðvega og myndu tengja saman lykilstaði. Verkefnið gengur út á að skilgreina lykilstaði og leiðir á milli þeirra. Upprunalega var lagt upp með því að yfirfara landakort, lóðarmörk, loftmyndir og önnur þau gögn sem gætu nýst við greiningu þess.

Slík vinna er nauðsynleg á ákveðnum tímamarki í verkinu en ekki í frumathugun, að mati skýrsluhöfundar. Niðurstaða þessa hluta verkefnisins verður því tillaga að lista yfir lykilstaði og mögulegar staðsetningar/legastíga á milli þessara staða.